



Menntaskólinn á Egilsstöðum

Ársskýrsla 2025



Skýrslan tekur fyrir helstu þætti í starfsemi ME árið 2025.

1. Húsnæði og lóð.

Kennsluhús ME er 2047 m² og heimavistar- og mötuneytishús er 3636 m². Kennaraíbúðir eru 363 m². Stærð lóðar 47.650 m² (skv. fasteignamati). Nr. fasteignar 2176248.

Viðhald húseigna er í mjög góðu lagi og framkvæmdir þessa árs hafa helstar verið miklar breytingar á mötuneytisaðstöðu skólans. Sett voru upp heit og köld framreiðsluborð í matsal ásamt nýrri eldhúsinnréttingu fyrir enda salarins. Einnig var opnað fyrir dyr innúr matsal í uppþvottinn sem stórbætti flæðið í salnum. Einnig var haldið áfram með Led lýsingu heimavistarhúss með tilheyrandi minnkun á raforkukostnaði og því verkefni er nú lokið. Byrjað er einnig á led væðingu kennsluhúss. Endurbuygging snyrtinga í anddyri heimavistarhúss stendur nú yfir og klárast í mars 2026.

350 fermetra parket í hátíðarsal og matsal ME var þússað upp o lakkað. Endurnýjun á borðum og stólum í matsal og hátíðarsal er einnig lokið og ber mötuneytið hluta kostnaðar við það verkefni.

Nýjustu framkvæmdir á lóð skólans á undanförunum árum hafa miðast að því að bæta vistvænar samgöngur með upplýstu og vel útbúnu reiðhjólaskýli fyrir nemendur og starfsmenn. Einnig er komin upp rafhleðslustöð fyrir fjóra bíla samtímis sem liður í því að greiða fyrir orkuskiptum og minnka útblástur.

2. Starfsmannahald

Í október 2025 voru 45 starfsmenn á launum í ME í 37,59 stöðugildum. Þar af voru 1 í veikindaleyfi, einn á uppsagnarfresti samtals 2 stöðugildi. 1 mánuður er eftir af uppsagnarfresti og líkur eru á endurkomu starfsmanns í veikindaleyfi um áramót. 1 starfsmaður er í námsleyfi en er ekki inni í heildar fjölda stöðugilda. 2 starfsmenn eru í launalaus leyfi og er ekki taldir í heildar fjölda starfsmanna né í stöðugildum. Annar af þessum 2 kemur aftur til starfa í nóvember en ekki var fengin afleysing fyrir hann þetta haust. 4 starfsmenn eru á launum hjá mötuneyti ME í samtals 2,05 stöðugildum. Mötuneytið er sjálfseignastofnun.


Sjá má samanburð við stöðugildi ársins 2024 í töflunni hér að neðan.

Störf október 2025	Fjöldi 2025	Stöðugildi 2025	Fjöldi 2024	Stöðugildi 2024
Stjórnendur	4	3.25	5	4.25
Kennarar	26	23.99	30	26.15
Ráðgjafar	1	0.8	2	1.8
Kennslustjóri starfsbrautar, stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfari	5	3.25	5	3.4
Heimavist, húsnæði og mötuneyti	4	2.3	4	2.17
Ræstingar	3	2.4	3	2.35
Móttaka, bókasafn og tölvukerfi	2	1.6	2	1.6
	45	37.59	51	41.72

3. Heildar kynjaskipting starfsmanna í ME má sjá á töflu hér að neðan.

Kynjaskipting í ME	Fjöldi sept 25	%
Karlar	9	25%
Konur	36	75%
kynsegin	0	0%

SKIPURIT Menntaskólinn á Egilsstöðum



Skipurit ME sýnir vensl stjórnenda, millistjórnenda, Kennslu og þjónustusviðs skólans og hvaða störf eru þar undir. Einnig snertifletir við mennta og barnamálaráðherra svo og skólanefnd og skólaráð sem gegna mikilvægu hlutverki í stjórnkerfi skólans.

- Stoðþjónusta við nemendur er í höndum skólafélagsráðgjafa í 0,80 stöðugildi og eins námsráðgjafa í 1 stöðugildi. Einnig er áfangastjóri þeim til aðstoðar við ákveðin verkefni.
- Hluti af innra starfi í stofnuninni er að starfræktar eru nefndir sem starfsmenn í kennslustengdum störfum ásamt stjórnendum sitja í. Þessar nefndir vinna að afmörkuðum málum eins og t.d. að styðja við gildi ME, gleði (skólabragsnefnd), virðingu (umhverfisnefnd) og jafnrétti (jafnréttisnefnd). Í þessum nefndum sitja einnig nemendur. Þá eru jafnlaunanefnd, opnu daga nefnd, erasmus nefnd og fleira einnig starfandi til að styðja við viðkomandi þætti.
- Innramats nefnd framkvæmir kannanir allt skólaárið sem ýmist snúa að nemendum, starfsmönnum eða foreldrum. Innramatið vinnur eftir sérstakri áætlun um innra mat í skólanum. Eitt af því sem innra matið framkvæmir eru svokallaðar púlss kannanir eða Jarm, sem eru stuttar kannanir um málefni líðandi stundar. Stundum beinast þær að starfsfólki og

stundum að nemendum. Dæmi um málefni sem hafa verið athuguð síðustu ár eru starfsþróunarmál, ferðakönnun, könnun um ofbeldi, stytting vinnuviku, starfsmannamál, Canvas notkun og fleira.

7. Innramatsnefnd vann einnig að lykilmatsþáttum úr könnunum okkar síðustu ár. Hluti af þeim þáttum koma fram í þessari áætlun. Þetta eru þættir sem við fylgjumst sérstaklega með og setjum okkur markmið í. Þannig fara einnig þeir þættir sem farið er í aðgerðir vegna í umbótaáætlun.
8. Niðurstöður úr könnunum eru rýndar og þau atriði sem koma ekki nógu vel út fara í umbótaáætlun skólans. Umbótaáætlunin er nokkurskonar verkefnalisti yfir þætti sem má bæta. Umbótaáætlunin skiptist í nokkra kafla; Stjórnun og skipulag, Kennsla og námsframboð, Samskipti og líðan og Húsnæði og aðbúnaður. Margir aðilar koma að gerð umbótaáætlunar, þar sem mismunandi þættir hennar eru á könnu mismunandi starfsmanna. Utanumhaldið er í höndum mannauðsstjóra og skólameistara. Farið er yfir stöðu umbóta amk. 2 á ári af mannauðsstjóra og skólameistara.
9. Margir þættir í stefnum skólans eru mældir. Má þar t.d. nefna áherslur í starfsmannastefnu ME, en þeir eru allir mældir árlega.



Menntaskólinn á Egilsstöðum

Lykiláherslur í mannauðsmálum

gleði - virðing - jafnrétti



10. Stjórnunarhættir eru mældir í stofnun ársins. ME hefur þrisvar sinnum verið stofnun ársins, síðast 2025 og sex sinnum lent í fimm efstu sætum á síðustu 6 árum. Við fáum samantekt á kjörum KÍ starfsmanna 2x á ári ásamt því að launakönnun er framkvæmd í tengslum við jafnlaunaúttekt. Við mælum jafnrétti í stofnuninni, bæði fyrir starfsmenn og nemendur (nýtt).

Starfsumhverfi er mælt í stofnun ársins og Starfsandi er mældur amk. 2 á ári, í sömu könnunum og hafa þegar verið nefndar. Þá er fylgst með því hversu margir sinna endurmenntun og sérstakt kerfi er utan um starfsþróunar/endurmenntunarmál háskólamenntaðra starfsmanna ME.

Hluti af stefnu ME er að vera framúrskarandi á sínu sviði og teljum við meðal annars að það fáið með því að leggja áherslu á endurmenntun starfsfólks.

Skólinn mun á næstu árum leggja enn meiri áherslu á jafnréttisstefnu sína. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli og leggur mikla áherslu á heilbrigði til líkama og sálar. Í því skyni er meðal annars starfrækt heilsueflingarnefnd þar sem í sitja bæði starfsmenn og nemendur. Skólinn endurnýjaði vottun sína á jafnlaunakerfi skólans í desember 2024. Menntaskólinn er einnig í fararbroddi framhaldsskóla um flokkun sorps á heimavistum. Skólinn lauk innleiðingu á grænum skrefum í ríkisrekstri haustið 2021 og hóf vinnu við Grænfánaverkefni Landverndar 2023. Skólinn er einnig framarlega í rafrænni skjalastjórnun samkvæmt þroskastiga Þjóðskjalasafns.

11. Nemendafjöldi.

Í upphafi vorannar 2025 voru 180 nemendur skráðir í dagskóla en 225 dagskólanemar hófu skólagöngu á haustönn 2025

Rúmlega 390 fjarnemar voru skráðir í fjarnám á vorönn 2025 vegna yfirvofandi niðurskurðar á haustönn. Ársnemendur skólans árið 2025 voru 340 á vorönn og 290 á haustönn.

Ársnemendur skólans 2025 voru rétt tæplega 320.

Skólinn fékk greitt fyrir 310 ársnema árið 2025.

12. Heimavist.

Við upphaf vorannar 2025 voru 75 nemendur skráðir á heimavist ME.

Á haustönn 2024 voru 103 nemendur skráðir á heimavist. 83% nýting sem er mikið.

Um áramótin 2019-20 voru settar raflæsingar á tvennar útidyr í heimavistarhúsi. Þetta þýðir aukið öryggi fyrir nemendur ásamt því að gera þeim kleift að komast leiðar sinnar á öllum tímum sólarhringsins. Vöktun á heimavist hefur verið aðlöguð að þessari nýjung.

Þessar breytingar á aðgengismálum hafa aukið mjög á ánægju vistarbúa með heimkynni sín enda þægilegt að hafa sinn eigin lykil að vistarverum. Vegna áhættuhegðunar lítils hluta heimavistarbúa í haust er útidyrum læst á milli kl 24:00 og 06:00 til að auka öryggi og næturfrið vistarbúa.


13. Námsframboð.

Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á félagsgreina-, listnáms-, náttúrufræðibraut auk opinnar brautar og viðbótarnáms til stúdentsprófs eftir skólanámskrá frá 2014. Þær brautir voru 206 einingar. Eftir vinnu við skólanámskrárgerð á árinu var ákveðið að bjóða uppá 200 eininga stúdentsbrautir sem eru merktar eru árinu 2024.

Einnig eru keyrðar starfsbraut (4 ár) og framhaldsskólabraut (1-2 ár).

14. Fjarnám í ME.

Skólinn býður upp á öflugt fjarnám í nær öllum áföngum á stúdentsbrautum. Aðsókn í fjarnámið hefur verið mjög mikil síðustu árin og þakka menn það m.a. spennarkerfi skólans sem gefur kost á mun þéttara námi (7 vikna kennslu) og fjórum innkomum í fjarnámið í stað tveggja í nær öllum öðrum skólum. Einnig eru kennarar orðnir mjög reyndir í kennslu fjarnema og meðvitaðir um að veita fjarnemum skjóta og góða þjónustu. Innleiðing Canvas árið 2020 hefur aukið gæði og þjónustu við nemendur bæði í dagskóla og ekki síður fyrir fjarnámsnemendur. Vegna uppsagnar fjarnemasamnings skólans gagnvart kennurum og niðurskurðar í rekstri þá dróst fjarnám skólans saman skólaárið 2023 – 24 en er að ná jafnvægi. Það má segja að fjarnámið sé notað sem sveiflujöfnun á móti fjölda dagskólanema og skólinn borgar eins í dag fyrir fjarnema og dagskólanema sem eykur rekstrarhæfni.



Mynd 1. Fjöldi dagskólanema og fjarnema í ME frá hausti 2016 til og með haustönn 2025

Menntaskólinn nýtir sér mikla aðsókn í fjarnámið til að halda áfram úti góðu námsframboði til dagskólanema og öflugum og samstilltum kennarahópi.

Markmiðið er sem áður að Menntaskólinn á Egilsstöðum verði áfram í fararbroddi bóknámsskóla á Austurlandi og um leið í þjónustu við fjarnema vítt og breitt hérlendis og erlendis. Skýrsla um fjarnám fyrir skólaárið 2024-2025 (og fyrri ár) má finna á heimasíðu skólans.

15. Skólaþróun í ME.

Skólaþróunarverkefni ársins voru margþætt.

Skólaþróunarverkefni skólaárin 2021-2023 snérust um þá sex grunnþætti menntunar sem innleiddir voru með nýrri námskrá árið 2012. Það eru læsi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Lögð er áhersla á að efla hlut grunnþáttanna í námi og skólastarfinu í heild og gera þá sýnilegri. Markmiðið er að auka þekkingu á grunnþáttunum, efla öryggi í beitingu þeirra, færa þá inn í kennslu nútímans og gera bæði nemendur og kennara meira meðvitaða um þá.

Skólaþróunarverkefni þessa árs og næsta er helgað tilkomu gervigreindar og hvernig ber að vinna með þau verkfæri þannig að sem mestur lærdómur verði af. Eins að vinna með jákvæða þætti þessa verkfæris og efla nemendur í að spyrja réttra spurninga til að bæti gæði þess efnis sem kemur úr gervigreindarlíkunum. Eins er siðfræði mikilvæg í allri umgengni við gervigreindina ef vel á að fara í notkun hennar í námi.

Námsbrautir og námslínur skólans eru einnig í sífelldri endurskoðun og umræðu. Í fyrra lauk minni háttar breytingar á okkar stúdentsprófsbrautum sem fengu númerið 2024. Í stuttu máli hvarf annar áfangi í lífsleikni úr kjarna brautanna auk einnar íþróttæiningar. Þar með urðu allar stúdentsbrautir skólans 200 eininga námsbrautir.

Í samræmi við ábendingar í ytra mati var lögð áhersla á að auka hópvinnu hjá nemendum og fenginn háskólaþrófessor til að auka þekkingu kennara á aðferðum og leiðum til þess.

Einnig er horft til framtíðar varðandi fornám fyrir þá nemendur sem vilja fara í verknám, þannig að fyrsta ár þeirra í ME henti sem best fyrir verknám.

Það er bjargföst skoðun skólameistara að slíkt grunnnám/aðfararnám að iðnnámi eigi að eiga sér stað í öllum framhaldsskólum sem það vilja. Slíkt myndi stórauka áhuga nemenda á alls kyns verknámi og þar með innritun. Einnig er mikið talað um aukið samspil skóla og vinnustaða til að fjölga verkmenntuðum vinnukrafti og mikilvægt að slíkt verði að veruleika.

Tæknismiðja ME hefur sannað gildi sitt og aukið til muna möguleika nemenda á öllum brautum skólans í margmiðlunar- og hönnunarnámi en þarna gefst nemendum kostur á því að læra á og vinna gegnum tölvur að sköpun í þvívíddarprentara, laserskera og þess kyns tækjabúnaði. Einnig hefur listabrautin eflst mikið við aukna fjölbreytni í sköpun í tæknismiðjunni. Þar er einnig aðstaða til alls kyns vinnslu með smáverkfærum í samtengdri smiðju. Nýr brennsluofn fyrir leir og keramik bætist í verkfærakistu listnámsbrautar í vor og eykur enn á fjölbreytni áfanga brautarinnar.

Með þessari aðstöðu skapast möguleikar á smiðjuvinnu í ýmis konar handverki sem hentar vel fyrir hluta nemenda skólans og eykur námsframboðið. Aðstaða til ljósmyndunar hefur einnig breyst til batnaðar.

Næsta skref í þróun tæknismiðju skólans verður vonandi að opna fyrir aðgengi almennings að þessum tækjum gegnum stutt og hagnýt námskeið eftir hefðbundinn skólatíma.

16. Mat á skólastarfi Innra mat.

Starfshópur um innra mat starfar við skólann. Verkefnisstjóri er Viðar Örn Hafsteinsson. Hópurinn gefur árlega út skýrslu um störf sín og eru þær aðgengilegar á vefsíðu skólans ásamt skýrslum um niðurstöður flestra kannana. Helstu verkefni hópans árið 2025 voru:

- Áfangamat fyrir dagskólanema og fjarnema vor 2025
- Skólapúlsinn lagður fyrir dagskólanema haust 2024
- ME jarmið - stuttar kannanir fyrir nemendur og starfsfólk vor og haust 2025
- Starfsmannapúlsinn lagður fyrir vor 2025
- Lykilmatsþætti í skólastarfi vor 2024

Niðurstöður úr þessum könnunum eru á heimasíðu skólans. Þær nýtast til þess að auka gæði skólastarfsins eins og kostur er, og endurskoðun á umbótaáætlun skólans á hverju ári.

17. Aðrar kannanir



Könnun SFR, „Stofnun ársins“, meðal starfsmanna kom sjötta árið í röð mjög vel út og var skólinn í 1. sæti í flokki ríkisstofnana með 40 – 89 starfsmönnum í þriðja skipti frá 2021. Skólinn hefur því áframhaldandi rétt til að bera merkið fyrirmyndarstofnun.

Sannarlega frábær árangur sem vitnar um góðan starfsanda og framúrskarandi skólabrag.

18. Umbótaáðgerðir.

Umbótaáætlun ME fyrir hvert skólaár er endurskoðuð á haustdögum undir stjórn Elínar Ránar Björnsdóttur mannauðsstjóra.

Markmið umbótaáætlunar er að treysta þá þætti í skólastarfinu sem komu ekki nógu vel út úr matsskýrslu eða út úr könnunum síðasta skólaárs. Umbótaáætlun skólans er leiðarljós varðandi að auka gæði skólastarfsins og þá þjónustu sem ME stendur fyrir.

Meðal annars hafa stefnur skólans verið endurskoðaðar og mörgum verkefnum á vegum nemendaþjónustu verið hrundið í framkvæmd svo dæmi séu tekin. Tæknibúnaði skólans er vel við haldið og reynt að tryggja að kennarar hafi þann búnað sem þarf hverju sinni til að sinna sínu starfi sem allra best

Umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2025 - 2026 er að finna á heimasíðu skólans.

19. Starfsbraut og þjónusta við nemendur með sérstakar þarfir.

21 nemendur voru skráðir á starfsbraut við skólann á vorönn 2025 en haustið 2024 hófu 23 nemendur nám á starfsbraut. Það hillir undir einhverja fjölgun á starfsbraut næsta haust um og skólinn mun gera ráðstafanir í ráðningarmálum vegna þessa.

20. Nemendaþjónusta ME.

Þar er nemendum skólans veitt margháttuð þjónusta bæði almenn og sértæk. Meðal viðfangsefna NPME eru sértækir námserfiðleikar, athyglisbrestur með eða án ofvirkni, sálfélagslegir örðugleikar, heilsufarslegur vandi og fatlaðir nemendur.

NPME samanstendur af námsráðgjafa í 100 % starfi og félagsráðgjafa í 80% starfi. Auk þessa vinna áfangastjóri skólans og forvarnafulltrúi með teyminu. Vert er að veita athygli síðu nemendaþjónustu skólans inni á www.me.is sem hefur vakið verðskuldaða athygli og margir framhaldsskólar benda á í dag sem hjálpartæki fyrir nemendur með alls kyns námsörðugleika. NPME hefur fengið verðlaun og viðurkenningar fyrir framúrskarandi störf, m.a. frá Rótarýhreyfingu Íslands og samtökum lesblindra svo að eitthvað sé nefnt.

21. Rekstur heimavistar og mötuneytis.

Rekstrarafkoma heimavistar og mötuneytis er nátengd fjölda heimavistarbúa.

Heimavistarbúar á vorönn 2025 voru um 80 talsins en fjölgaði á haustönn í 103. Alltaf er einhver fækkun á vist frá upphafi til loka annar. Heimavist ME tekur fullsetin 117 íbúa og nýtingarhlutfall var um 83% haust 2025. Lítils háttar fækkun var heimavist á vorönn 2024 en rekstrarstaða mötuneytis þetta skólaár verður góð. Aukin aðsókn nemenda utan landsfjórðungsins inn á heimavistina er mikilvæg í þessu sambandi og skólinn hefur unnið kynningarefni til að ná betur til þessa markhóps. Sjá [sýndarferðalag um skólann](#)

22. Samstarf.

Skólinn er aðili að Samlandi ásamt 12 öðrum framhaldsskólum í dreifbýli. Skólarnir standa m.a. að framboði ýmissa starfsnámsbrauta með dreifnámssniði.

ME er einn af stofnaðilum Austurbrúar.

ME er einnig stofnaðili að STARFA – starfsendurhæfingu Austurlands.

Skólinn hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra verkefna á liðnum árum. Skólinn varð Erasmus K skóli á haustönn 2023. Það þýðir stóraukin tækifæri varðandi að auka tengslanet skólans erlendis, bæði með heimsóknum og vinnustofum þvers og kruss um álfuna.

Skólinn er einnig samstarfsskóli AFS sem nú er kominn undir Erasmus hattinn. Frá haustönn 2023 geta nemendur farið í 3 mánaða dvöl í móttökulandi þeim að kostnaðarlausu sem eykur til muna jöfnuð nemenda til slíkra tækifæra.

23. Áform um tengibyggingu milli kennslu – og heimavistarhúss ME.



Mynd 3. Hugmynd - inni í tengigangi milli húsa



Mynd 4. Hugmynd – tengigangur séður frá stétt milli húsa

Stjórnendur skólans leggur til við Framkvæmdasýslu ríkisins að lögð verði vinna við hönnun tengigangs milli heimavistar og kennsluhúss ME.

Slík tenging hefði mikið hagræði í för með sér fyrir samnýtingu beggja húsa yfir vetrartímann. Þessi hugmynd sem sést hér að ofan var unnin af starfsmanni skólans fyrir allnokkrum árum síðan, til að ýta verkefninu úr vör.

Við vonumst eftir skilningi og jafnvel fjárveitingu framkvæmdasýslu ríkisins til að ýta hönnunarvinnu af stað.

24. Fyrirliggjandi verkefni:

- Samtal um flugnám á Egilsstöðum í samstarfi ME og flugkennsluaðila er enn á algjöru frumstigi. Möguleikar skólans /svæðisins með nær ónýttan alþjóðlegan flugvöll í bakgarðinum gera þessa hugmynd engu að síður mjög áhugaverða fyrir alla sem að því munu koma. Hugmyndin er að skólinn muni sjá um bóklegar greinar námsins eða milligöngu um fjarnám og gæti síðan boðið nemendum upp á aðsetur í heimavist skólans. Skólinn mun áfram eiga samtal við hagaðila í þessum geira um hvort og þá hvenær verði hægt að bjóða uppá slíkt nám.

25. Fjármál og rekstur:

Ástæða uppsafnaðs taprekstrar síðustu ára eru margþættar en þessar þó helstar.

- Veikindi nokkurra starfsmanna um lengri eða skemmri tíma frá árinu 2020 til og með 2024 er rúmlega 100 milljónir á fjögurra ára tímabili. Þar er kostnaður við langveikindi starfsmanna árið 2023 um 40 milljónir og annað eins fyrir árið 2024..
- Aldursafsláttur starfsmanna síðustu þrjú ár eru samtals um 2 stöðugildi. Alls nemur það u.þ.b. 25 milljónum með launum og launatengdum gjöldum.
- Fjarnemasamningi ME við starfsmenn skólans var sagt upp frá og með skólaárinu vorönn 2024. Markmið þessa var og er að bæta rekstrarstöðu skólans og efla enn samkeppnishæfni skólans á fjarnámsmarkaði. Um 35% af af ársnemum skólans kemur inn vegna fjarnáms og þessi þáttur skólastarfsins leikur lykilhlutverk í því að halda úti fjölbreyttri kennslu á stúdentsbrautum skólans.

Samkvæmt tölum frá fjársýslunni 13.2.2026 fyrir almanaksárið 2025 var tap ársins 2025 kringum 26.000.000, á móti 86.000.000 milljóna árið áður- kr og uppsafnað tap síðustu fimm ára jókst þar með í kr 292.236.049.

Þrátt fyrir minnkun á halla milli ára þá er viðvarandi halli óviðunandi.

Skólinn mun halda áfram aðhaldsaðgerðum á árinu 2026

Einnig er útlit fyrir minnkaðan kostnað vegna langveikinda starfsmanna árið 2025 en veikindi starfsmanna árið 2024 námu um 2.5 stöðugildi.

Niðurskurður á starfshlutföllum starfsmanna hófst í mars 2024 og sá niðurskurður jókst á árinu 2025.

Þar verður ekki lengra gengið í bili.

Fjarnám skólans er nú fjárhagslega sjálfbærara frá hausti 2024 vegna uppsagnar fjarnemasamnings vorið 2024 og rekstarhæfni hefur því

Starfsmannahald hefur dregist saman þar sem hægt er s.s. í húsvörslu og umsjón á heimavist í staðinn eru nýttar tæknilausnir í formi rafrænna lykla og myndavélarvöktunar í báðum húsum ME og aukinni aðkomu skólameistara í þeim málum.

Egilsstöðum 23. febrúar 2026

Árni Ólason skólameistari ME

